

**Söltuð ufsaflök.**

15/20	FF	.....	kr.	345.00
15/20	AB	.....	—	300.00
21/25	FF	.....	—	335.00
21/25	AB	.....	—	290.00
26/30	FF	.....	—	325.00
26/30	AB	.....	—	280.00
31/35	FF	.....	—	315.00
31/35	AB	.....	—	270.00
36/40	FF	.....	—	305.00
36/40	AB	.....	—	260.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1977.*

**F. h. r.**  
**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

Nr. 15.

11. janúar 1977.

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1977.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1977:

Loðnumjöl, \$ 6.35 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 390.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 189.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. janúar 1977.*

**F. h. r.**  
**Jón L. Arnalds.**

*Þórður Ásgeirsson.*